

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar - 592 (16.6.2023) - Bjarkarholt 1B - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1,

Málsnúmer : 202304452
Málsaðili : Veitur ohf.
Niðurstaða (stutt) : Erindi svarað
Fundardagur : 16.06.2023

Inngangur : Borist hefur umsókn um leyfi frá Veitum ohf. til að reisa 17,3 m² forsteypta spennistöð að Bjarkarholti 1B (áður Háholti 11A), í samræmi við gögn. Umsókninni var vísað til umsagnar skipulagsnefndar á 499. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa vegna ákvæðis í gildandi deiliskipulagi miðbæjarins um umfjöllun skipulagsnefndar á öllum nýjum mannvirkjum.

Niðurstaða : Skipulagsnefnd gerir athugasemd við tillögu Veitna að nýrri spennistöð við Bjarkarholt. Fyrir er annarskonar spennistöð að Bjarkarholti 22A við sömu götu. Ný spennistöð er ekki í neinu samræmi við þá sem fyrir er og óskar skipulagsnefnd þess að þær verði hafðar áþekkar með einum eða öðrum hætti enda um miðbæjargötu Mosfellsbæjar að ræða. Skipulagsnefnd vill um leið gera athugasemd við spennistöð sem sett var innan lóðar Háholts 9 á sama svæði miðbæjar. Stöðin er lýti í umhverfi sínu og óskar nefndin þess að Veitur lagi einnig útlit hennar.
Afgreitt með fimm atkvæðum.